



23. okt 2012 kl 19.30

Fundur Foreldrafélags Giljaskóla með Bekkjarfulltrúum

Mættir: Elín, Ellert, Guðbjörg, Aníta og Ragnhildur

Við vorum með kaffispjall með Bekkjarfulltrúum. Það var frekar dræm mæting en góður fundur með þeim sem mættu. Flestir bekkirnir eru núna komnir með fulltrúa.

- Farið var yfir hlutverk Bekkjarfulltrúa. Spjall um hvað hægt væri að gera með bekknum, bent á leiðbeiningar á vefsíðu skólans og farið vítt og breitt yfir það sem skemmtilegt væri að gera. Farið yfir þá styrki sem bekkirnir fá, aukið eftirlit með notkun og skilum á afgangi. Verður gengið eftir því í vor.
- Við veltum fyrir okkur framtíð Hausthátíðar skólans. Virtust flestir á því að það mætti skoða formið á henni. Það mál verður í vinnslu í vetur.
- Við ræddum hvort að það ætti að búa til lógó fyrir Foreldrafélagið. Kom upp sú hugmynd að fela það myndlistarkennara eldri bekkjanna að vinna það með þeim. Skoðum það mál.

Þetta var góður fundur og verður spennandi að heyra af því hvað bekkirnir gera í vetur.

Ætlum við að hlera það og deila því á vefnum, til að hvetja aðra til dáða.

Næsti Stjórnarfundur er þriðjudaginn 13 nóv kl 19.30

Fundarritari: Ellert Guðmundsson